

Reykjavík, 20. febrúar 2023

Til aðildarfyrirtækja SVP – Samtaka verslunar og þjónustu

BOÐUN AÐALFUNDAR SVP – SAMTAKA VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTU

Með bréfi þessu er boðað til aðalfundar SVP – Samtaka verslunar og þjónustu hinn 16. mars 2023 kl. 08:30 í fundarsalnum Hyl, Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Ræða formanns SVP
2. Skýrsla stjórnar SVP fyrir liðið starfsár
3. Reikningar SVP fyrir liðið reikningsár
4. Lýst kosningu formanns SVP
5. Lýst kosningu meðstjórnenda í stjórn SVP
6. Lýst kosningu í fulltrúaráð Samtaka atvinnulífsins
7. Kosning löggilts endurskoðanda SVP
8. Umræður og atkvæðagreiðsla um önnur mál

Nánar um einstaka dagskrárlíði:

Um 2. dagskrárlíð

Skýrsla stjórnar SVP verður gerð aðgengileg á vefsvæði SVP fyrir fundinn. Á fundinum verður gerð grein fyrir helstu atriðum skýrslunnar.

Um 3. dagskrárlíð

Reikningar SVP fyrir reikningsárið 2022 munu liggja fyrir á skrifstofu SVP aðildarfyrirtækjum til skoðunar frá með 9. mars 2023. Á fundinum verður gerð grein fyrir efni þeirra.

Um 4.–6. dagskrárlíði

Til samræmis við ákvæði 2. másl. 2. mgr. 14. gr. sbr. 2. mgr. 15. gr. samþykktar SVP skal kjósa formann og þrjú meðstjórnendur til tveggja ára á aðalfundi SVP 2023, þ.e. kjörtímabilið milli aðalfunda 2023 og 2025.


Rétt er að athuga að á aðalfundi SVP 2022 var samþykkt tillaga stjórnar samtakanna um sameiningu Bílgreinasambandsins (BGS) og SVP. Samhliða og til bráðabirgða var samþykkt tillaga um að einum meðstjórnanda, hinum sjöunda, skyldi bætt við stjórn samtakanna starfsárið 2022/2023 sem yrði skipaður fulltrúi BGS og var fulltrúi sambandsins lýstur meðstjórnandi í stjórn SVP á aðalfundinum. Frá og með aðalfundi 2023 verður stjórn SVP að nýju skipuð formanni og sex meðstjórnendum.

Kjörnefnd SVP 2023 yfirfer framkomin framboð til stjórnar SVP og fulltrúaráðs Samtaka atvinnulífsins. Framboðsfrestur rennur út 23. febrúar 2023. Berist nefndinni fleiri en eitt framboð til formanns SVP, fleiri en þrjú framboð til stjórnar SVP eða fleiri framboð til fulltrúaráðs Samtaka atvinnulífsins en sem nemur

fulltrúasætum SVP munu kjörgögn væntanlega verða senda aðildarfyrirtækjum 24. febrúar 2023. Kosningarnar verða rafrænar og er áætlað að þær hefjist 28. febrúar og þeim ljúki 14. mars 2023 kl. 12:00.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Jón Ólafur Halldórsson
formaður